

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Böðmóðsstaðir, frístundabyggð.*

Deiliskipulagsbreytingin varðar breytingu á skilmálum hluta frístundabyggðar að Böðmóðsstöðum. Með breyttum skilmálum er gert ráð fyrir að heimild fyrir byggingu allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahúss auk 40 m<sup>2</sup> aukahúss innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilaður þakhalli verði á bilinu 0-45° og mænishæð 5,5 m frá gólfi.

Samþykkt í sveitarstjórn 28. apríl 2022.

*Deiliskipulagsbreyting, Stakksárhlíð.*

Deiliskipulagsbreytingin varðar breytingu á skilmálum frístundabyggðar Stakksárhlíðar. Í breytingunni felst að skilmálar er varða þakhalla eru felldir úr deiliskipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2022.

*Deiliskipulagsbreyting, Litla-Fljót 4, L225223.*

Í breytingunni felst breyting á byggingarskilmálum er varðar húsagerðir innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 28. apríl 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. júní 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**